



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 80. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn að Laugalandi og í fjarfundi, 18. febrúar 2020, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson fulltrúi sveitafélags, Ásta Berghildur Ólafsdóttir fulltrúi sveitafélags, Karl Ingólfsson fulltrúi útivistarfélagi, Bjarki Vilhjálmur Guðnason varamaður fulltrúa sveitafélags, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Ingibjörg Eiríksdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður, Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri, Gunnlaugur Róbertsson, mannvirkja- og gæðafulltrúi.

1. Kynning á hugmyndum um þjóðgarðsmiðstöð við Kirkjubæjarklaustur - 2002011

Kynning frá forsvarsmönnum Bæjar hf og Fasteignafélagsins Skerjavellir ehf.

Gestir

Valdimar Harðarson

Hrólfur Ölvísson

2. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Flestar stofnanir hafa skilað umbeðinni umsögn/úttekt varðandi Vonarskarð. Fyrir liggur að taka ákvörðun um útfærslu næstu skrefa í vinnuferlinu.

Vantar bréfið frá ríkislögreglustjóra inn á fundargögnin. Þjóðgarðsvörður setur það inn eftir fund. Ekki komin gögn frá Skipulagsstofnun, þjóðgarðsverði falið að kalla eftir þeim og senda sama bréf til lögregluumdæmanna skv. bréfi frá Ríkislögreglustjóra og einnig til hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Óskað eftir að tímalína fyrir Vonarskarð verði uppfærð fyrir næsta fund. Tillaga um að afgreiðslu þessa liðar verði frestað til næsta fundar þegar öll gögn liggja fyrir. Tillaga samþykkt.

3. Aðalskipulag - Skaftárhreppur - lýsing vegna endurskoðunar - 2001019

Sveitarstjórn Skaftárhrepps óskar eftir umsögn um lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.

Lögð fram drög að umsögn, frá Gunnlaugi, mannvirkja- og gæðafulltrúa VJP sem fylgir þeim eftir og kynnið fyrir fundarmönnum. Drögin rædd og Gunnlaugi falið að uppfæra þau í samræmi við framkomnar upplýsingar.

4. Nýidalur - drög að deiliskipulagi skálasvæðis - 1911003

Staða kynningar í Ásahreppi.

Kynning á Nýjadal mun fara fram saman með íbúafundi vegna endurskoðunar aðalskipulags í Ásahreppi.

Fulltrúi náttúruverndarsamtaka óskar bókunar um að leggja skuli áherslu á að íbúafundurinn verði vel auglýstur út á við í samræmi við skipulagsreglugerð.

5. Stjórnunar- og verndaráætlun endurskoðun 2013-2018 - 1709012

Fyrsta umræða endurskoðunar Stjórnunar- og verndaráætlunar.

Farið yfir fyrstu drög frá Þjóðgarðsverði, frekari athugasemdir óskast sendar til hans.

6. Vestursvæði - starfsmannahald - 1805015

Fréttir af umsóknum og sumarráðningum starfsmanna

Verið að ganga frá ráðningum sumarstarfsmanna, langstærstur hluti starfsmanna síðustu sumra skilar sér til okkar aftur og því ekki mikið um nýráðningar. Enn liggur ekki fyrir staðfest mannahaldsáætlun fyrir svæðið og því ekki hægt að klára ráðningarmál að öllu leyti en mannaflapörf liggur fyrir. Við gerum ráð fyrir að ráða þann fjölda sem lagt var upp með í áætlun fyrir svæðið, lengd starfstímabila ræðst svo af endanlegu fjármagni. Við gerum ráð fyrir að samstarf við UST, varðandi Fjaðrárgjúfur, haldi áfram.

7. Fundaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 1911001

Drög að fundaráætlun vestursvæðis fyrir 2020.

Ein breyting frá drögum að fundaráætlun. Fundur með stjórn á vestursvæði 29.júní, færast frá Klaustri upp í Hrauneyjar. Samþykkt að öðru leyti.

8. Nýidalur - fyrirspurn til svæðisráðs - 1911003

Bréf frá Gunnari Njálssyni

Þjóðgarðsverði falið að taka saman innsend svör svæðisráðsfulltrúa og koma þeim til Gunnars.

9. Vonarskarð - 1709013

Fyrir fundinum lá áframhald umræðu um Vonarskarð.

Málið ekki til umfjöllunar á fundinum - aðeins sett inn á dagskrá til að auðvelda aðgang svæðisráðsfulltrúa að fyrri gögnum.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundí slitið kl. 16:30.